

## Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins.

Frá Jóni Bjarnasyni, Bjarkeyju Gunnarsdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur,  
Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja áherslu á að raforka til almennra notenda og fyrirtækja sé mikilvægur þáttur almennrar grunnþjónustu sem á að reka á félagslegum grunni. Þau skref sem hafa verið stigin í markaðsvæðingu raforkukerfisins hafa þegar leitt til mikilla hækkana á verði raforku til neytenda víða um land, þvert á gefin loforð um annað.

Hlutafélagavæðing Rarik er liður í yfirlýstum markmiðum stjórnvalda að einkavæða raforkukerfið og búa orku- og dreifingarfyrirtæki landsmanna undir sölu á almennum markaði. Þau áform eru andstæð hagsmunum almennings í landinu.

Með vísan til framanritaðs **vísar Alþingi máli þessu frá** og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.